

auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.
Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Holta- og Landsveit, 27. apríl 1999.

F.h. sveitarstjórnar Holta- og Landsveitar,

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989 - 2009, Sundstræti 34.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989 - 2009.

Breytingin varðar atvinnusvæði við Sundstræti 34 sem breytist í blandaðan reit fyrir íbúðir og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið í samræmi við 2. mgr. 21. gr. laganna.

Umhverfisstjórnuneytinu, 26. apríl 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um diplómátsk vegabréf og þjónustuvegabréf.

I. KAFLI

Útgáfa vegabréfa.

1. gr.

Ríkislögreglustjórinn annast útgáfu diplómátskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið diplómátsk vegabréf:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrirverandi forsetar Íslands.
3. Forsetar Alþingis.
4. Hæstaréttardómarar.
5. Ráðherrar.
6. Biskupinn yfir Íslandi.
7. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.-5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar og venslamenn sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
8. Ráðuneytisstjórar.
9. Umboðsmaður Alþingis.